

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 27. júní 2019

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hilmar Örn Jónasson, Hörður J. Oddfríðarson, Jón Hjaltason, Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir, Leifur Guðni Grétarsson varastjórn, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjórn og Mladen Tepavcevic verkefnastjóri

Fundur settur kl. 19:00

1. Verkaskipting stjórnar

- a. Formaður leggur til eftirfarandi
 - i. Varaformaður: Júlía Þorvaldsdóttir
 - ii. Gjaldkeri: Viktoría Gísladóttir
 - iii. Ritari: Hörður J Oddfríðarson

Samþykkt

- iv. Framkvæmdaráð skipi

- Björn Sigurðsson, Júlía Þorvaldsdóttir, Viktoría Gísladóttir og Hörður J Oddfríðarson

Samþykkt

2. Skipan og starfshættir starfsnefnda SSÍ

- a. Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu um starfshætti nefnda SSÍ

„Allar nefndir eru skipaðar af stjórn SSÍ og þær starfa á ábyrgð stjórnar og stjórn skipar einnig formann nefndar sérstaklega, nema Íþróttamannanefndin er kosin sérstaklega af sundfólki. A.m.k. einn stjórnarmaður eða starfsmaður SSÍ er í hverri nefnd sem fulltrúi stjórnar. Fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndar, getur fylgt málum frá nefnd eftir á stjórnarfundi og einnig að bera upplýsingar frá stjórn til nefndar eftir því sem við á. Formenn nefnda eiga seturétt á fundum stjórnar SSÍ ef sérstaklega stendur á. Fulltrúar stjórnar geta verið fleiri en einn, ef t.a.m. málefni skarast eða eru mjög viðamikil.

Hlutverk nefnda er að halda utan um afmarkaða þætti í starfssemi SSÍ og hafa faglega umsjón með þeim þáttum fyrir hönd stjórnar.

Ákvarðanir nefnda eru tillögur til stjórnar sem þarf að samþykkja þar til þess að þær öðlist gildi. Það er í flestum tilfellum gert með staðfestingu á fundargerð nefndarinnar, en stundum með sérstakri samþykkt í stjórn.

Nefndir SSÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og öll útgjöld verður að bera undir framkvæmdastjóra SSÍ áður en til þeirra er stofnað.

Allar nefndir eiga að skila fundargerð til stjórnar SSÍ.

Leiðbeiningar um færslu fundargerða nefnda SSÍ.

a) Bóka efni máls

b) Bóka niðurstöðu máls

c) Bóka ef einhver nefndarmaður fær verkefni til að leysa

d) Umráður alla jafnan ekki bókaðar

e) Ef nefnd þarf af einhverjum ástæðum að koma frekari upplýsingum til stjórnar SSÍ, er hægt að senda fylgiblað með sem ekki verður birt, eða fulltrúi stjórnar í nefndinni fylgir málinu eftir á stjórnarfundi.“

Samþykkt

- b. Formaður leggur til að stofna sameiginlegra nefnd sem hugi að dýfingum, íssundi, görpum, sundfimi, sundknattleik og víðavatnssundi. Nefndin verði kölluð Sundíþróttanefnd

Samþykkt

- c. Formaður leggur einnig til að sameinuð verði undir fræðslunefnd málefni sem varða almennings- og skólasund og lífsbjörg. Nefndin verði kölluð Fræðslu- og kynningarnefnd

Samþykkt

- d. Formaður leggur til að einnig verði settar á fót Móta- og tækninefnd sem fjallar um tæknihluta móta og aðstöðu á mótum, Afmælisnefnd sem undirbýr 70 ára afmæli SSÍ árið 2021 og Mannvirkjanefnd sem fjallar um bættu aðstöðu og uppbyggingu sundíþróttaaðstöðu.

Samþykkt

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 27. júní 2019

- e. Tillaga um skipan nefnda SSÍ starfstímabilið 2019 – 2021
- i. Afmælisnefnd
 - **Jón Hjaltason formaður**
 - **Hrafnhildur Lúthersdóttir**
 - **Guðmundur Harðarson**
 - ?
 - ?
 - **Oddur Örnólfsson fulltrúi stjórnar**
 - ii. Aga- og siðanefnd
 - ? formaður
 - ?
 - **Hildur Karen Aðalsteinsdóttir**
 - ?
 - **Leifur Guðni Grétarsson**
 - **Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar**
 - iii. Dómaranefnd
 - **Viktoría Gísladóttir formaður**
 - **Ingibjörg Ýr Pálmadóttir**
 - **Björn Valdimarsson**
 - **Bryndís Sigurðardóttir**
 - **Lárus Lúðvík Hilmarsson**
 - **Sigurður Óli Guðmundsson**
 - **Sigurþór Sævarsson**
 - ?
 - **Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar**
 - iv. Fræðslunefnd og kynningarnefnd
 - **Ingibjörg Kristinsdóttir formaður**
 - ? Vestfirðir
 - **Dýrleif Skjöldal Norðurland**
 - **Salóme Rut Harðardóttir Austurland**
 - ? Suðurland – Reykjanes
 - ?
 - ?
 - ? Höfuðborgarsvæðið
 - **Finnbjörn Aðalheiðarson**
 - ?
 - **Bjarney Guðbjörnsdóttir Vesturland og fulltrúi stjórnar**
 - v. Íþróttamannanefnd
 - ?
 - ?
 - ?
 - ?
 - ?
 - **Verkefnastjórar SSÍ**

**Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021
fimmtudaginn 27. júní 2019**

- **Hrafnhildur Lúthersdóttir fulltrúi stjórnar**
- Fulltrúum stjórnar falið að kalla eftir tilnefningum sundfólks í nefndina og standa fyrir kosningu í hana ef þannig verkast. Þeirri kosningu skal lokið fyrir 15.september 2019
- vi. Kjörnefnd
 - **Jón Hjaltason formaður**
 - **Ingibjörg Helga Arnardóttir**
 - **Oddur Örnólfsson**
- vii. Landsliðsnefnd
 - **Magnús Tryggvason formaður**
 - ?
 - ?
 - **Málfríður Sigurhansdóttir**
 - ?
 - **Ingibjörg Helga Arnardóttir**
 - **Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar**
- viii. Mannvirkjanefnd
 - **Jón Hjaltason formaður**
 - ?
 - ?
 - ?
 - ?
 - **Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi stjórnar**
 - **Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar**
 - **Júlía Þorvaldsdóttir fulltrúi stjórnar**
- ix. Móta- og tækninefnd
 - ? formaður
 - ?
 - ?
 - **Leifur Guðni Grétarsson**
 - ?
 - **Karl Georg Klein**
 - **Emil Örn Harðarson**
 - **Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar**
- x. Sundíþróttanefnd (Dýfingar- synchro, garpar, íssund, sundknattleikur, víðavatnssund)
 - ? formaður
 - ? sundknattleikur
 - ? sundknattleikur
 - ? íssund
 - ? garpar
 - ? garpar
 - ? víðavatnssund
 - ? víðavatnssund

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 27. júní 2019

- ? dýfingar og samhæfð sundfimi
 - **Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi stjórnar**
 - **Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar**
- xi. Þjálfaranefnd
- ? formaður
 - ?
 - ?
 - ?
 - ?
 - **Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar**

Fulltrúar stjórnar í hverri nefnd fá það hlutverk ásamt formönnum nefnda að fylla í laus pláss í nefndum og leggja þann lista fyrir stjórn 29. ágúst 2019. Fulltrúar stjórnar rita fundargerðir nefnda. Formaður sendir erindisbréf nefnda á formenn og fulltrúa stjórnar fyrir 5. júlí 2019.

Samþykkt

3. Lög og reglugerðir að loknu Sundþingi

- a. Staðfest lög frá Sundþingi
- b. Lagðar fyrir fundinn reglugerðir II. til XIV. kafla laga og reglugerða SSÍ
 - i. II. kafli - Almenn ákvæði SSÍ – breytt júlí 2018
 - ii. III. kafli – Starfsnefndir SSÍ – breytt júní 2019
 - iii. IV. kafli – Aga- og siðreglur – breytt febrúar 2018
 - iv. V. kafli – Íslensk met – breytt júní 2019
 - v. VI. kafli – Heiðursviðurkenningar – breytt apríl 2017
 - vi. VII. kafli – Framkvæmd sundmóta – óbreytt
 - vii. VIII. kafli – Dómgæsla – óbreytt
 - viii. IX. kafli – Reglur um keppnisrétt erlendra ríkisborgara – felld út, varð hluti af Alm. ákvæðum í júlí 2018
 - ix. X. kafli – Íslandsmót – verður IX. kafli – óbreytt nema að við bætist mótarið
 - x. XI. kafli – Aldursflokkamót – verður X. kafli – óbreytt
 - xi. XII. kafli – Bikarmót – verður XI. kafli – óbreytt
 - xii. XIII. kafli – Aðrar reglugerðir – verður XII. kafli – óbreytt
 - xiii. XIV. kafli – Reglugerð um bikara og sjóði – verður XIII. kafli – óbreytt
 - xiv. XIV. kafli – Erindisbréf nefnda – nýr kafli

Samþykkt

4. Mál og ályktanir sem sundþing beindi til stjórnar

- a. Frá Allsherjarnefnd
 - i. „Ábendingar v/þingskjala 11 a og 11 b: Stefnu SSÍ og Afreksstefnu Góðar en of almennt orðaðar, skoða einnig orðalag. Vantar aðgerðaráætlanir, fylgiskjöl með vísanir í verklagsreglur, að markmið séu tímasett, setja niður áætlun um hvenær og hvernig við ætlum að ná markmiðunum. Jafnvel hafa fjárhagsáætlun með. Þrepaskipt.“

Stjórnarfólki Leifi Guðna, Bjarneyju og Hilmarí Erni falið að hefja yfirlestur á Stefnu SSÍ með tilliti til ályktunar Allsherjarnefndar á Sundþingi 2019. Fyrstu drög að niðurstöðu komi inn á stjórnarfund í nóvember 2019.

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 27. júní 2019

- ii. „Ábendingar v/þingskjals 15: Handbók sundmót og Handbók keppendur Handbók sundmót:
Gátlistar, bæta við: Lýsing við sundlaug sé í samræmi við gildandi reglur FINA.“
„Handbók keppendur:
Minna á mikilvægi upplýsingagjafar áður en fólk fer í verkefni.“

Ritara og mótastjóra SSÍ falið að fylgja eftir uppfærslu á Handbók SSÍ

b. Frá Fjárhagsnefnd

- i. „SSÍ er falið að finna úrlausn á skilgreiningu sundiðkanda, til þess að skrá iðkendur sem greiða ekki þjónustugjöld“

Formanni og framkvæmdastjóra falið að hefja þessa vinnu og skila skýrslu á septemberfundi stjórnar SSÍ

c. Frá Laga- og leikreglnanefnd

- i. Hugleiðingar um tilgang og verkefni SSÍ og hvernig fylla beri sæti stjórnarmanna sem hætta störfum

Kynnt og rætt

d. Frá Mótanefnd

- i. „Tillögur mótanefndar
1.5-6 greinar á hverju móti gefa stig í mótariðina. Á hverju móti eru stigagreinar sem dreifast á vegalengdir og sunaðferðir. Passa þarf að fast sé í reglugerð hvaða greinar gefa stig á hverju móti og það tilkynnt með atburðadagatali vorið áður.
2.Einungis boðsund á ÍM mótum gefur stig, ekki á félagsmótum.
3.ÍM Taka 6 bestu greinar hvers liðs.
4.Mótanefnd leggur til að stjórn SSÍ taki málið fyrir og móti reglugerð skv. tillögum mótanefndar.
5.Fyrir tímabil 2019-2020 verður hægt að sækja um mót á mótariðina fyrir 15. júlí 2019. SSÍ vinni úr umsóknum eins fljótt og hægt er.
a.Annars fari þetta eftir almennum reglum um umsóknir á mótadagatal SSÍ.“

Mótastjóri og verkefnastjórar SSÍ eru að útfæra reglugerð. Ritari verður þeim innan handar við orðalag. Reglugerðin verður send á stjórn til staðfestingar fyrir 5.júlí og auglýst eftir umsóknum frá félögum fyrir 15.júlí.

5. Þinggerð 63. sundþings

- a. Þinggerð 63. Sundþings er í vinnslu
- b. Lagt til að þinggerðin
 - i. verði yfirlesin m.t.t. stafsetningar
 - ii. send til þingritara og þingforseta til staðfestingar
 - iii. birt á heimasíðu SSÍ strax að loknum yfirlestri og staðfestingu þingritara og þingforseta
 - iv. send ÍSÍ í samræmi við lög og hefðir

6. Starfsfólk og skipurit SSÍ

Formaður og framkvæmdastjóri víkja af fundi meðan liður 6a er ræddur.

- a. Starfsmannamál og verkaskipting SSÍ

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 27. júní 2019

Tillaga um að gera starfsamning við formann SSÍ samþykkt

b. Skipurit SSÍ starfstímabilið 2019 til 2021

Formanni falið að fara yfir skipurit SSÍ, verklýsingar og annað því tengt og gera tillögur um breytingar eftir þörfum

7. Fundargerðir

Dómaranefnd 91.fundur, dags. 6.júní 2019

Staðfest

8. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Baldur Logi Gautason	Sf. Óðinn	Sd. Fjölnir	26.06.19	25.07.19
Ingunn Jónsdóttir	Ol Swømming Oslo	Sd. Fjölnir	26.06.19	26.06.19

9. Staðfesting meta

25m laug

Drengja

Grein

4x100m skriðsund

Nafn

Sundfélag Hafnarfjarðar SH

Birnir Freyr Hálfðánarson

Veigar Hrafn Sigþórsson

Snorri Dagur Einarsson

Bergur Fáfniir Bjarnason

Tími

3:53,03

Dags

21.06.19

Staðsetning

Reykjanesbær

10. Aðsend erindi

Dags

Efni

Sendandi

11. Önnur mál

a. AMÍ

i. AMÍ 2019 gekk mjög vel

- Mótastjóri SSÍ sendir út könnun til félaga og spyr út í atriði sem tókust vel og það sem betur mátti fara

ii. Lagt til að samið verði við Sundfélagið Óðinn á Akureyri um AMÍ 2020

Samþykkt

b. Atburðardagatal

Verður endurskoðað þegar reglugerð Íslandsmótaraðarinnar liggur fyrir.

c. Afreksmál

Breyttar aðstæður afrekssundmanns.

Stjórn felur framkvæmdastjóra, formanni og gjaldkera að leita lausna með sundmanninum

d. Ályktun um sundíþróttamannvirki

„Stjórn SSÍ áréttar nauðsyn þess að ný sundmannvirki séu hæf til æfinga og keppni í sundi.

Sveitarfélög á Íslandi hafa á undanförunum árum tekið aftur upp á því að byggja 16 2/3 metra laugar, í þeirri trú að slíkar laugar séu ódýrari en 25 metra laugar í byggingu. Þá eru sjónarmið um þróun og uppbyggingu sundíþróttanna með öllu fyrir borð borin. Sveitarfélögin hafa ekki nýtt sér þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar hjá Sundsambandi Íslands.

Fundargerð 1. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 fimmtudaginn 27. júní 2019

Sundsamband Íslands fer fram á við þau sveitarfélög sem standa að byggingu styttri lauga en 25 metra að endurskoða slík áform og SSÍ býður fram þjónustu og þekkingu til aðstoðar við sveitarfélögin og óskar eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um þessi mál.“

Samþykkt – framkvæmdastjóra falið að senda á mannvirkjanefnd

e. Stoðþjónusta fyrir íslenskt sundfólk

Fyrir liggur hugmynd um aukna stoðþjónustu, mælingar og fleira, fyrir sundfólk á Íslandi. Einnig er nauðsynlegt að auka kröfur um þekkingu starfandi þjálfara á Íslandi og að þeir sinni menntun og endurmenntun betur.

Framkvæmdastjóra og verkefnastjórum falið að þróa málið áfram

Stjórnarmönnum Leifi Guðna og Oddi falið að kanna aukið samstarf SSÍ við framhaldsskóla til að auka möguleika sundfólks að samræma æfingar og skólasókn

Umræða um fjármögnun í íþróttahreyfingunni.

Fundi slitið kl. 21:52